

Játning og trú

(Byggt að hluta til á Faith Aid eftir Jim Kaseman)

Svo kemur þá trúin af boðuninni, en boðunin byggist á orði Krists. (Róm. 10:17)

Bíblían er Orð Guðs og handbók fyrir hinn trúaða. Bíblían geymir leiðbeiningar um vilja Guðs í lífi sérhvers trúaðs manns. Orð Drottins stendur stöðugt... og varir að eilífu. (Sálm. 119:89)

Orð Guðs opinberar, að endurfætt trúað fólk er ný sköpun í Jesú Kristi (2. Kor. 5:17) með eilíft líf og eðli Guðs (1. Jóh. 5:10-13). Endurfæddir einstaklingar, hafa verið frelsaðir frá valdi Satans og fluttir inn í ríki Guðs. (Kól. 1:12-14)

Hvort sem menn eru frelsaðir eða ófrelsaðir, þá höndla þeir ekki meira en trú þeirra og játning segir til um. Í Markúsarguðspjalli 11:23 segir Jesús að það sem við segjum muni gerast, svo fremi að við efumst ekki í hjarta okkar og höfum trú fyrir því sem við tölum.

Játning er mikilvægur þáttur í trúarlífinu. Viljir þú þróa með þér sterka trú, játaðu þá stöðugt hvað Drottinn er að gera fyrir þig og hvað Orð Guðs segir um þig. Því meira sem þú talar um Hann, þeim mun raunverulegri verður Jesús fyrir þér.

Játaðu það sem Orð Guðs segir um þig og aðstæður þínar, jafnvel þótt þú trúir því ekki samstundis. Trúin kemur af boðuninni (því sem þú heyrir), en boðunin byggist á Orði Krists.

Trúin er fullvissa um það, sem menn vona, sannfæring um þá hluti, sem eigi er auðið að sjá. (Hebr. 11:1)

Eftirfarandi biblíuvers er gott að játa daglega, til þess að fyrirheitin verði að raunveruleika í lífi okkar:

1. Það sem ég er í Kristi:

Ég er ný sköpun í Jesú Kristi. Hið gamla varð að engu, sjá nýtt er orðið til. (Sbr. 2. Kor. 5:17)

Ég er réttlát(ur) í Jesú Kristi. Ég hef rétta stöðu frammi fyrir Guði, eins og ég hafi aldrei gert neitt rangt. (Sbr. 2. Kor. 5:21)

Ég er keypt(ur) undan bölvun lögmálsins. (Sbr. Gal. 3:13)

(Bölvun lögmálsins er afleiðing af því að allir menn hafa syndgað og brotið boðorð Guðs. Þeir eru dauðasekir samkvæmt lögmálinu. Fagnaðarerindið er, að Jesús Kristur tók á sig syndir okkar og keypti okkur undan bölvun lögmálsins með því að gefa líf sitt í okkar stað.)

Ég er barn Guðs og samarfi Krists. (Sbr. Róm. 8:16-17)

2. Staðsetning mín í Kristi:

Ég hef verið flutt(ur) úr ríki Satans og tilheyri nú ríki Guðs. (Sbr. Kól. 1:13-14)

Ég er hluti af líkama Krists og Satan hefur ekkert vald yfir mér. (1. Kor. 12:14-27)

3. Það sem ég get í Kristi:

Fyrir kraft heilags anda vitna ég um Jesú. (Post. 1:8)

Sem endurfæddur einstaklingur, hef ég vald í nafni Jesú Krists til að reka út illa anda, tala nýjum

tungum og leggja hendur yfir sjúka, svo þeir verði heilbrigðir (Mark. 16:17-18)

Allt megna ég fyrir hjálp hans sem mig styrkan gjörir. (Fil. 4:13)

4. Fyrirheit sem styrkja mig á göngunni með Guði:

Gleði drottins er styrkur minn og hlífiskjöldur. (Sbr. Nehemía 8:10)

Drottinn er vígi lífs míns. (Sálm. 27:1)

Sá er meiri sem í mér er, en sá sem er í heiminum. (1. Jóh. 4:4)

Ég læt orð Guðs ekki víkja frá augum mínum, því það er líf og lækning fyrir líkama minn. (Orðskv. 4:20-22)

Ég læt ekkert skaðlegt orð líða mér af munni, heldur það eitt sem er gott til uppbyggingar.(Efesusbr. 4:29)

Ég neita að gefa djöflinum nokkurt færi. (Sbr. Efesubr. 4:27)

Ég ástunda sannleikann í kærleika og vex í öllu upp til Jesú Krists. (Efesusbr. 4:15)

Enginn slítur mig úr hendi hans, því ég hef öðlast eilíft líf í Jesú Kristi. (Jóh. 10:28)

Ég læt frið Krists ríkja í hjarta mínu. (Kól. 3:15)

Í Jesú Kristi hef ég öðlast hlutdeild í fyllingu guðdómsins, því Hann er höfuð hvers konar tignar og valds. (Kól. 2:9-10)

5. Fyrirheit um uppfyllingu á þörfum:

Ég treysti Drottni og gleðst yfir Honum og Hann veitir mér það sem hjarta mitt girnist.(Sálm. 37:3-4)

Ég greiði tíund, sem gefur Guði tækifæri til að opna flóðgáttir himinsins og úthella yfir mig yfirgnæfanlegri blessun. (Malakí 3:10)

Ég hef í öllu og ávallt allt sem ég þarfnast og get sjálfur veitt ríkulega til sérhvers góðs verks, því Guð veitir mér allar góðar gjafir ríkulega. (2. Korintubr. 9:8)

Ég líð ekki skort, því Guð minn uppfyllir sérhverja þörf mína samkvæmt auðlegð dýrðar sinnar í Kristi Jesú. (Fil. 4:19)

6. Fyrirheit um visku og leiðsögn:

Heilagur andi býr í mér og kennir mér allt og leiðir mig í allan sannleikann. (Jóh. 14:26 og 16:13)

Ég treysti Drottni af öllu hjarta og reiði mig ekki á eigið hyggjuvit. (Orðskv. 3:5)

Ég minnst Guðs á öllum vegum mínum og Hann gerir vegu mína slétta. (Orðskv. 3:6)

Orð Guðs er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum. (Sálm. 119:105)

Drottinn mun koma öllu vel til vegar fyrir mig. (Sálm. 138:8)

Ég læt orð Krists búa ríkulega hjá mér með allri speki. (Kól. 3:16)

Ég hegða mér ekki eftir öld þessari, heldur tek háttaskiptum og endurnýja hugarfar mitt með Orði Guðs. (Róm. 12:2)

Allt sem ég geri lánast mér, því ég er sem tré gróðursett hjá rennandi lækjum. (Sálm. 1:3)

7. Fyrirheit um varðveislu í öllum kringumstæðum:

Ég er í líkama Krists og Satan hefur ekkert vald yfir mér. (1. Kor. 12:14-27)

Sá er meiri sem í mér er, en sá sem er í heiminum. (1. Jóh. 4:4)

Ég óttast ekkert illt, því þú ert hjá mér Drottinn. Sproti þinn og stafur hugga mig. (Sálm. 23)

Ég er fjarri ofríki. Ótti og skelfing koma ekki nærri mér. (Jes. 54:14)

Ég þarf ekki að vera áhyggjufull(ur) um neitt, því Guð hefur boðið mér að varpa öllum áhyggjum mínum á sig. (1. Pét. 5:7)

Engin vopn sem smíðuð verða gegn mér, skulu verða sigurvænleg, því réttlæti mitt er frá Drottni. (Jes. 54:17)

Drottinn hefur frelsað mig frá þessari vondu öld, samkvæmt vilja Guðs. (Gal. 1:4)

Engin ógæfa hendir mig og engin plága nálgast bústað minn. (Sálm. 91:10)

Mín vegna býður hann út englum sínum, til þess gæta mín á öllum vegum mínum. (Sálm. 91:11)

Ég er gjörandi Orðsins og er því sæll í verkum mínum. (Jakob. 1:25)

Ég sigra fyrir blóð lambsins og fyrir orð vitnisburðar míns. (Opinb. 12:11)

(Vitnisburðurinn er að segja frá okkar persónulegu upplifun, opinberun og reynslu af samfélaginu við Guð.)

Ég stend gegn Djöflinum og hann flýr mig, því ég hef gefið mig Guði á vald. (Jakob. 4:7)

Börn mín njóta mikils friðar, því þau eru öll lærisveinar Drottins. (Jes 54:13)

Ég trúi á Drottinn Jesú og er því hólpinn og heimili mitt. (Post. 16:31)

Úr sálmi 103:8-12:

Náðugur og miskunnsamur er Drottinn, þolinmóður og mjög gæskuríkur.

Hann þreytir eigi deilur um aldur og er eigi eilíflega reiður.

Hann hefir eigi breytt við oss eftir syndum vorum og eigi goldið oss eftir misgjörðum vorum, heldur svo hár sem himinninn er yfir jörðunni, svo voldug er miskunn hans við þá er óttast hann.

Svo langt sem austrið er frá vestrinu,

svo langt hefir hann fjarlæggt afbrot vor frá oss.

Eftirfarandi ritningarstaðir veita dýpri skilning á því hver þú ert, hvað þú ert, hvar þú ert og hvað þú átt í Jesú Kristi:

Matteusarguðspjall

8:17,11:28-30,18:11,18:18-20

Markúsarguðspjall

1:8,9:23,11:23-24

Lúkasarguðspjall

10:19,17:33

Jóhannesarguðspjall

1:4,3:15-17,4:14,6:40,6:56

10:10,14:6-23,15:4-9,16:23-24

Rómverjabréfið

3:22-23,5:1-19,6:4-23,7:4

8:1-2,8:32-37,12:5

1. Korintubríf

1:2-5,1:30,8:6,15:22,15:57

2. Korintubríf

1:20-21,2:14,3:14,5:17-21

Galatabéfið

2:4,2:16-20,3:13-14,3:26-29

4:7,5:1-6,6:14-15

Efesusbréfið

1:3-23,2:5-22,3:6,3:12,4:16

5:8,6:10

Filippibréfið

1:11,2:5,2:13,3:9,3:12-14

4:6-7,4:19

Kólossubrésið

1:12-28,2:1-20,3:17

1. Þessalóníkubríf

4:16,5:18

1. Tímóteusarbréf

1:9-13,2:1,2:10-12,3:15

Títusarbrésið

2:14,3:7

Hebreabrésið

1:3,2:9-18,4:14-16,7:19-25

8:6,9:11-15,9:24-28,10:10-20

13:5-6,13:8-21

1. Pétursbréf

1:3,1:8,1:21,2:5,2:9,2:21

3:18,5:10

2. Pétursbréf

1:8

1. Jóhannesarbréf

1:7-9,1:5,2:1-8,2:27,3:2-6

3:24,4:4,4:9-15

5:1-20

2. Jóhannesarbréf

1:9

Opinberunarbókin

1:5-6